

Hvalfjarðarsveit
Jökull Helgason
Innrimel 3
301 Akranes

Garðabær, 31. maí 2024
Málsnúmer: 202404-0044
IAS

Efni: Vestursvæði Grundartanga – Stækkun flæðigryfju

Vísað er í erindi frá Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um auglýsta tillögu að breytingu á deiliskipulagi á Vestursvæði Grundartanga.

Breyting á deiliskipulagi Vestursvæðis Grundartanga felst í því að afmarkað er sérstakt 4,2 ha efnislosunarsvæði sem nýtt verður sem flæðigryfja til viðbótar við eldri flæðigryfjur sem enn eru í notkun. Svæðið er innan stærra efnislosunarsvæðis/landfyllingar á hafnarvæðinu þar sem gert er ráð fyrir hafnarbökkum og athafnasvæðum hafnar í gildandi deiliskipulagi. Í nýrri flæðigryfju skv. breytingu þessari er miðað við að urða megi u.þ.b. 293.500 m³.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér tillögurnar og kemur með eftirfarandi ábendingar.

Þó svæðið sem breytingarnar ná til sé ekki innan neinna verndarsvæða þá er það í næsta nágrenni við svæðið: „Hvalfjörður“ sem Náttúrufræðistofnun hefur tilnefnt á B-hluta náttúruminjaskrár vegna vistgerða, fugla og sela. Þá er það einnig nálægt þremur svæðum á C-hluta náttúruminjaskrár, þ.e. „Laxárvogi og Laxá í Kjós“, „Ósmel og Hvalfjarðareyri“ og „Hvalfjarðarströnd“.

Náttúrufræðistofnun hefur veitt umsagnir um málið á fyrri stigum og ítrekar hér að mikilvægt er að vel sé staðið að umhverfsvöktun og að æskilegt er að tíðni vöktunar á lífríki sjávar verði aukin aftur tímabundið þegar nýjar gryfjur verða teknar í notkun. Rétt er að kræklingavöktun fari fram á 1-2 ára fresti til að byrja með en ekki á 5 ára fresti eins og nú er.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur

